



Borgarráð

Reykjavík, 15. desember 2025
MSS25020108


Málefni Hjólabúa

Lagt til að borgarráð samþykki eftirfarandi tillögur um málefni hjólabúa:

1. Að fela umhverfis- og skipulagssviði að lagfæra til bráðabirgða aðstöðu á núverandi stæði á Sævarhöfða svo svæðið sé boðlegt til dvalar fyrir hjólabúa.
2. Að fela umhverfis- og skipulagssviði að vinna kostnaðarmetna tillögu um gerð stæðis fyrir hjólabúa sem nú eru á Sævarhöfða á svæði B í Gufunesi, þar sem aðgangur að vatni og rafmagni er tryggður. Tillagan verði lögð fram samhliða kynningu á vinnu starfshóps um málefni hjólabúa í janúar.
3. Að fela velferðarsviði að bjóða hjólabúum sem nú dvelja á svæðinu stuðning og ráðgjöf.
4. Að fela borgarstjóra að eiga samtal við Samband íslenskra sveitarfélaga um langtímabúsetu í hjólhýsum, þar sem slík eftirspurn er ekki bundin við Reykjavíkurborg.

Greinargerð:

Með erindisbréfi í maí 2025 var stofnaður starfshópur um málefni hjólabúa. Vinna starfshóps hefur verið umfangsmikil og verður kynnt Borgarráði í janúar 2026. Hér er verið að stíga fyrstu skref til að bæta aðbúnað hjólabúa sem nú eru á Sævarhöfða, sem er aðkallandi.



Heiða Björg Hilmisdóttir
borgarstjóri



Reykjavík